

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Andvara 2013

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Andvara var haldinn í félagsheimili Andvara þriðjudaginn 10. desember 2013. Formaður félagsins, Hannes Hjartarson, setti fundinn og stakk upp á Kristni Hugasyni sem fundarritara og að hann stjórnaði sjálfur fundi sem var samþykkt samhljóða. Fundinn sátu 10 félagsmenn.

Formaður flutti skýrslu stjórnar sem hann lagði fram fjölritaða. Helstu atburðirnir í starfi félagsins á starfsárinu voru ræktunardagur, vísindaferð og unghrossakeppni. Einnig voru reikningar félagsins kynntir og skýrðir. Voru þeir samþykktir samhljóða sem og skýrslan.

Því næst var gengið til stjórnarkjörs. Sveinn Gaukur Jónsson var endurkjörinn í aðalstjórn og Gunnar Már Þórðarson í varastjórn. Stjórn félagsins er þá svo skipuð: Hannes Hjartarson formaður, Kristinn Hugason og Sveinn Gaukur Jónsson meðstjórnendur og í varastjórn: Guðjón Árnason, Guðjón Tómasson og Gunnar Már Þórðarson.

Tillaga sem lá fyrir fundinum um að breyta nafni félagsins í *Hrossaræktarfélag Sprettis* var samþykkt samhljóða. Einnig var samþykkt að hækka árgjaldið í félaginu í kr. 2.000,- samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Ræktunarmaður ársins:

Hjónin Gunnar Már Þórðarson og Kolbrún Björnsdóttir hlutu titilinn fyrir ræktun sína á Stiku frá Votumýri en einnig sýndu þau graðfolanna: Þrym og Þór frá Votumýri. Hross þeirra hjóna hlutu eftirfarandi meðaleinkunnir: Stika IS2007287936 B.: 8,23 H.: 8,33 AE.: 8,29. Þrymur IS2008187936 B.: 8,49 H.: 7,18 AE.: 7,70 og Þór IS2008187937 B.: 7,79 H.: 7,82 AE.: 7,81. Stika var hæst dæmda hrossið í eigu félagsmanns hrossaræktarfélagsins þetta árið, í öðru sæti var Diljá IS2005284171 frá Fornusöndum B.: 7,67 H.: 8,46 AE.: 8,15 úr ræktun Jóhanns Axels Geirssonar en einnig var sýnd úr hans ræktun hryssan Sál IS2007284173 frá Fornusöndum B.: 7,58 H.: 8,31 AE.: 8,02. Þriðja hæst þetta árið var svo Brík frá Glúmsstöðum IS2003275288 B.: 7,72 H.: 8,37 AE.: 8,11, ræktandi Ragnheiður Samúelsdóttir. Alls náðu átta félagsmenn í ræktunarfélaginu þeim árangri þetta árið að hross frá þeim færu í 8,00 eða herra í aðaleinkunn.

Vetrardagskráin 2014:

1. Ræktunardagur Sprettis verði laugardaginn 15. febrúar, forskoðun standi til kl. 12 (byrjað verði eftir þörfum, þ.e. m.t.t. skráningar og mætti taka eitthvað af hrossum sd. á föstudegi gerist þess þörf). Hádegisverður kl. 12 – 13:30; sviðaveisla m. þorraívaði, gestur: Bergur Jónsson sem einnig dæmi á folaldasýningunni sem hefst kl. 14. Í tengslum við folaldasýninguna verði haldið uppboð á folöldum og mögulega fleiri unghrossum. Undirbúningsnefnd ræktunardags: Hannes Hjartarson, Kristinn Hugason og Guðjón Árnason.

2. Vísindaferð verði daganna 28. til 30. mars; föstudagur til sunnudags og er förinni heitið norður í Eyjafjörð og mun Kristinn Hugason koma fram með tillögu að ferðaplani.
3. Unghrossakeppni verði föstudaginn 2. maí, verði hún með hefðbundnu sniði m.v. tillhögun nú seinni árin

Önnur mál:

Gunnar Már Þórðarson lagði til þrengingu á ákvæðum svo hross geti stutt að vali aðila sem ræktunarmaður Hrossaræktarfélags Spretts. Þannig skuli áskilið að hrossið sé skráð ræktað af aðila með sömu kennitölu og sé í félagatali Spretts, sem þýðir að mægðir eða blóðbönd gilda ekki lengur. Einnig skal sá er hér um ræðir hverju sinni vera skuldlaus við félagið. Tillagan var rædd og síðan samþykkt samhljóða.

Enn fremur fitjaði Gunnar Már upp á því hvort til greina kæmi að fjölga verðlaunum, m.t.t. til kynferðis eða aldurs hrossa. Sitt sýndist hverjum um það atriði og var samþykkt að vísa málinu til stjórnar sem komi með tillögu um framtíðarskipan verðlaunamála fyrir næsta aðalfund félagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.